



3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2022 - 23 haldinn föstudaginn 9. desember 2022 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, Inga Amal, Hrefna Ævarsdóttir fulltrúi foreldraráðsins. Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara. Andri Bergmann Isaksen fulltrúi nemenda, Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðar-skólameistari. Guðmundur Stefán Gíslason kom inn á fundinn og kynnti skólaþing FG.

Dagskrá:

- Staða fjármála í FG
Fjárhagsáætlun til þriggja ára kynnt. Yfir á launum á þessu ári en innan marka, eigum afgang til að mæta því. Munum ganga á það sem við eigum umfram á næstu árum. Allt of lítið fjármagn sett í starfsbrautir og er það samdóma álit framhaldsskólanna sem reka starfsbrautir. Eitthvað hefur verið um veikindi starfsmanna á árinu en höfum ráðið við það hingað til. Þetta kemur fram í greinagerð sem fylgir með fjárhagsáætluninni.
- Stefnuskjal FG til þriggja ára
Höfum verið með mikla aðsókn og getum ekki búist við að það verði auðvelt að halda því. Spurning hvað er að gerast í ráðuneytinu í málefnum framhaldsskólanna, enginn fundur skólameistara með ráðherra verið í haust.
Farsældarlögin eru í vinnslu, lítið komið inn til framhaldsskólanna ennþá.
- Skólaþing FG
Guðmundur Stefán Gíslason (GSG) verkefnastjóri sagði frá skólaþingi sem haldið var 6. desember í FG. Markmiðið var að hlusta á nemendur og að ná til sem flestra. Fókushópur af öllum brautum skólans hittist með GSG og hann skráði niður hvaða efni þau vildu að yrði fjallað um og svo voru mótaðar spurningar fyrir þingið. Allir nemendur í E stokki tóku þátt og voru það um 450 manns. Kennari /ar voru til staðar í stofum og skiptu í hópa, nemendur voru virkir og gekk vel, hópar misfljótir að svara spurningum. Munum klárlega gera þetta fljótlega aftur og þá jafnvel með starfsmönnum líka.
- Félagslíf FG
Gengið þokkalega, ekki eins mikil stemning fyrir böllum núna og hefur verið. Jólavika verður í næstu viku og meiri áhersla lögð á minni viðburði.
- Önnur mál
Umræða um forriti sem getur gert verkefni fyrir nemendur á ensku og þýtt yfir á íslensku. Miklar breytingar eru framundan í skólakerfinu og alltaf að koma inn nýjar áherslur.

Fundi slitið kl. 13:00

Næsti fundur: Janúar 2023

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari